

SUMAR Í VOGUM

2020



Sveitarfélagið Vogar



Nú er sólin farin að hækka á lofti og sumarið á næsta leiti. Sumarið er skemmtilegur tími bæði fyrir börn og fullorðna og tilvalið tækifæri til að skapa margar skemmtilegar minningar.

Vinnuskólinn verður á sínum stað ásamt leikjanámskeiðum, golfnámskeiðum og fótboltnámskeiðum.

Sumarið getur verið mikill umbreytingartími í lífi ungs fólks. Það er því mikilvægt að viðhalda reglu og að við hin fullorðnu fylgjumst með því sem börnin og unglingarnir eru að fást við.

Sá tími sem fjölskyldan ver saman er í senn dýrmætur, mikilvægur og skemmtilegur.

Höfum gaman saman sumarið 2020.



LEIKJANÁMSKEIÐ

Í sumar verða starfrækt leikjanámskeið Borunnar fyrir börn í 1.-3.bekk. Í boði verða heilsdagsnámskeið sem standa frá kl. 8:00 - 16:00.

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá verður í boði á námskeiðunum. Markmið námskeiðanna er að börnin kynnist sem flestum útileikjum og verði virkir þátttakendur í starfinu. Einnig er markmiðið að þátttakendur fái uppbyggileg og þroskandi verkefni sem þau hafa gaman af.

Umsjónamaður leikjanámskeiða verður Sólrún Ósk Árnadóttir.

NÁMSKEIÐIN VERÐA DAGANA:

8. - 12. júní
15. - 19. júní (4 dagar)
22. - 26. júní
29. júní - 3. júlí
6. - 10. júlí
27. - 30. júlí (4 dagar)
4. - 7. ágúst (4 dagar)
10. - 14. ágúst

(Athugið að ágústnámskeið eru einnig í boði fyrir börn fædd 2014)

NESTI, KLÆDNAÐUR OG DAGSKRÁ:

Börnin þurfa að koma með morgun- og miðdegisnesti. Þátttakendur fá léttan hádegisverð sem er innifalinn í námskeiðsgjaldi. Starfsfólk leggur mikið upp úr því að nesti barnanna sé hollt og gott. Starfsfólk vinnur að skipulagningu leikja með börnunum. Farið verður í gönguferðir, kynnisferðir, fræðsluferðir og margt fleira. Ef illa viðrar gæti þurft að breyta fyrirfram ákveðinni dagskrá og þá leikum við inni. Mælt er til að börnin hafi ávallt meðferðis útifatnað og séu klædd eftir veðri.

VERÐ:

4 daga námskeið: **9.430 kr**

5 daga námskeið **11.790 kr**

(Afsláttur fyrir annað barn 50% / þriðja barn 75% / fjórða barn 100%)

Skráning og greiðsla fer fram í íþróttamiðstöð á opnunartíma hennar. Vinsamlegast athugið að **24** pláss eru á hverju námskeiði. Lágmarks fjöldi er **7**.

Frekari upplýsingar fást í síma 440-6224.



GOLFNÁMSKEIÐ



Golfnámskeið hjá Golfklúbbi Vatnsleysustrandar.

Boðið verður upp á golfnámskeið fyrir börn í sumar á golfvelli GVS við Kálfatjörn. Námskeiðin verða tvö talsins og verða sem hér segir:

NÁMSKEIÐIN VERÐA DAGANA:

8. - 12. júní og 15. - 19. júní

Kennt verður frá mánudegi til föstudags báðar vikurnar frá kl. 09:00 - 12:00. Kennsla fellur þó niður 17. júní.

Vikuna **22. - 26. júní** stendur svo þeim sem skráð sig hafa á námskeið til boða að stunda golfvöllinn. Verður boðið upp ferðir frá Íþróttamiðstöð kl. 10 og til baka frá golfvelli kl. 14.

Afrekskylfingar frá Golfklúbbnum Keili verða leiðbeinendur á námskeiðunum. Þátttökugjaldi er stillt í hóf. Innifalið er hádegishressing og drykkur. Einnig verða krakkarnir félagsmenn í GVS og geta því komið og spilað golf að námskeiði loknu. Námskeiðin eru ætluð börnum á aldrinum 7 - 13 ára. (fædd 2007-2013)

Akstur er í boði til og frá námskeiði. Keyrt verður frá Íþróttamiðstöð.

VERÐ:

Einstaklingur, fyrri vika: **10.000. kr**

Einstaklingur, seinni vika: **8.000. kr**

Systkini: **15.000. kr**

EF FARIÐ ER Á BÆÐI NÁMSKEIÐIN:

Einstaklingur: **14.000. kr**

Systkini: **28.000 kr**

Greitt er fyrir námskeiðið í golfskála í byrjun námskeiðs.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 424-6529.



ÍPRÓTTANÁMSKEIÐ



ÆFINGATÍMAR Í KNATTSPYRNU YNGRIFLOKKA Í SUMAR

(23. júlí til 2. ágúst verða engar æfingar né keppni í yngriflokkum Þróttar. Allir flokkar fara í frí á sama tíma.)

4. flokkur karla (7-8 bekkur)

Mánudagar kl. 18

Miðvikudagar kl. 18

Fimmtudagar kl. 18

Þjálfari: Eysteinn Sindri

7. flokkur blandað (1-2 bekkur)

Mánudagar kl. 17

Þriðjudagar kl. 17

Fimmtudagar kl. 17

Þjálfari: Baldvin Baldvinsson

5. flokkur karla (5-6 bekkur)

Mánudagar kl. 17

Þriðjudagar kl. 17

Fimmtudagar kl. 17

Þjálfarar: Marteinn og Marko

5. flokkur kvenna (5-6 bekkur)

Mánudagar kl. 17

Þriðjudagar kl. 17

Fimmtudagar kl. 17

Þjálfarar: Jóna og Guðmann

6. flokkur karla (3-4 bekkur)

Mánudagar kl. 17

Þriðjudagar kl. 17

Fimmtudagar kl. 17

Þjálfari: Baldvin Baldvinsson

6. flokkur kvenna (3-4 bekkur)

Mánudagar kl. 17

Þriðjudagar kl. 17

Fimmtudagar kl. 17

Þjálfari: Sólrún

KNATTSPYRNUNÁMSKEIÐ ÞRÓTTAR

Fyrir 1. bekk til 6. bekk. Klukkan 11:00 til 12:45. **Verð: 10.000 kr.**

Leiðbeinendur eru þjálfarar hjá Þrótti. Landsliðsþjálfari U-17 kemur í heimsókn og leikmenn meistaraflokks. Skráðir iðkendur hjá Þrótti sem misstu úr æfingum vegna Covid fá 60% afslátt.

Skráning fer fram á throttur@throttur.net og hefst 15. maí og lýkur 6. júní. Nafn og kennitala iðkanda sem og kennitala greiðanda þarf að fylgja í tölvupósti.



ÆVINTÝRASKÓLI ÞRÓTTAR

15. til 26. júní. Kl. 12:30 - 15:30

Fyrir börn fædd 2007 til 2009.

Verð: 19.000 kr.

Skráðir iðkendur hjá Þrótti sem misstu úr æfingum vegna Covid fá 60% afslátt. Skráning fer fram á throttur@throttur.net og hefst 15. maí og lýkur 30. júní. Nafn og kennitala iðkanda sem og kennitala greiðanda þarf að fylgja í tölvupósti.

KÖRFUBOLTANÁMSKEIÐ ÞRÓTTAR

6. til 10. júlí

Yngri: 1. bekkur til 6. bekkur klukkan 11:30 til 13:00.

Eldri: 7. bekkur til 10. bekkur 13:05 til 14:35.

Verð: 10.000 kr.

Skráning fer fram á throttur@throttur.net og hefst 15. maí og til 30. júní. Nafn og kennitala iðkanda sem og kennitala greiðanda þarf að fylgja í tölvupósti.

SUNDNÁMSKEIÐ

fyrir börn á leikskólaaldri

Þriðjudaga og fimmtudaga milli 8. júní til 26. júní. **Verð: 6.000 kr.**

Þriðjudaga og fimmtudaga milli 17. ágúst til 28. ágúst. **Verð: 6.000 kr.**

Skráning á bæði námskeið **9.000 kr.**

Skráning fer fram á throttur@throttur.net og hefst 15. maí og lýkur 6. júní. Nafn og kennitala iðkanda sem og kennitala greiðanda þarf að fylgja í tölvupósti.



ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN

SUMAROPNUN ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVAR

Frá 1. júní - 22. ágúst

Sundlaugin

Opin frá kl. 08:00-21:00 alla virka daga
og frá kl. 10:00-16:00 um helgar

Preksalur

Opin frá kl. 08:00-21:00 alla virka daga
og frá kl. 10:00-16:00 um helgar

Athugið að börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur í sund nema í fylgd með fullorðnum

Opið verður í heitan pott samhliða opnun líkamsræktar virka daga.

Hægt verður að fara í heita pottinn til kl. 21:30 mánudaga–fimmtudaga
og til kl. 20:30 á föstudögum.



— VINNUSKÓLINN —

VINNUSKÓLINN 2020

Vinnuskólinn hefur aðsetur í Þjónustumiðstöð Sveitarfélagsins.

Flokkstjórar eru:

Sædís María (Sími: 777-0926) og Aníta Ósk (Sími: 777-0925)

Vinnuskólinn er vímuefnalaus vinnustaður.

UM VINNUTÍMA VINNUSKÓLANS

Eins og undanfarin ár verður vinnuskóli Sveitarfélagsins Voga starfræktur í sumar. Þar gefst unglingum í 8. - 10. bekk auk unglunga á fyrsta ári í framhaldskóla tækifæri á vinnu yfir sumartímann.

VINNUTÍMINN ER EFTIRFARANDI:

14 ára, 8. bekkur: 6. júlí - 13. ágúst. Unnið er mán-fim kl. 08:30 - 12:00.

Fjöldi vinnustunda er 66,5. Laun eru 916 kr á tímann með orlofi. *Helstu verkefni eru þrif, rakstur og gróður umhirða og önnur tilfallandi verkefni.*

15 ára, 9. bekkur: 8. júní - 9. júlí. Unnið er mán-fim kl. 08:30-12:00 og 13:00-15:30.

Fjöldi vinnustunda er 114. Laun eru 1.145 kr á tímann með orlofi. *Helstu verkefni eru gróðursetning, áburðargjöf, þrif, sláttur, rakstur og gróður umhirða. Aðstoð við leikjanámskeið og önnur tilfallandi verkefni.*

16 ára, 10. bekkur: 15. júní - 13. ágúst. Unnið er mán-fim kl. 08:30-12:00 og 13:00-15:30.

Fjöldi vinnustunda er 180. Laun eru 1.603 kr á tímann með orlofi. *Helstu verkefni eru sláttur, rakstur og létt viðhald á lóðum. Gróðursetning, áburðargjöf, hreinsun, málun, aðstoð við leikjanámskeið og önnur tilfallandi verkefni.*

17 ára, 1. ár í framhaldsskóla: 8. júní - 13. ágúst. Unnið er mán-fim kl. 08.30-12.00 og 13.00-15.30.

Fjöldi vinnustunda er 204. Laun eru 1.879 kr á tímann með orlofi. *Helstu verkefni eru sláttur, rakstur og létt viðhald á lóðum. Gróðursetning, áburðargjöf, hreinsun, málun, aðstoð við leikjanámskeið og önnur tilfallandi verkefni.*

FREKARI UPPLÝSINGAR

Umsjónarmaður vinnuskólans er Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður umhverfis og eigna. Sími 893-6983.

Ábyrgðarmaður vinnuskólans er Matthías Freyr Matthíasson, Íþrótt- og tómstundarfulltrúi. Sími: 866-9538.

